

Mál nr. 118/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/réttaraðstoðartryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við kaup á fasteign í júní 2005

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.06. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.06. 2007.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og þann ágreining sem fyrir hendi er. Vátryggingafélagið vísar til 7. gr. skilmála þess efnis að vátryggingin þurfi að hafa verið í gildi þegar ágreiningur aðila kom upp. M virðist líta svo á að ágreiningur hafi fyrst komið upp þegar mál hans var þingfest fyrir héraðsdómi en þá hafði vátryggingin verið í gildi í 11 daga. Félagið telur einsýnt að ágreiningur vegna galla á þeirri fasteign sem um ræðir hafi komið upp fyrr og það sé í andstöðu við skilmála að hægt sé að tryggja sig eftir á. Félagið telur að skýra skuli skilmála á þann veg að ágreiningur stofnist þegar vátryggðum eru ljósar ástæður ágreiningsins, í þessu tilviki þegar honum varð ljós meistur galli á fasteigninni. Ágreiningur hafi verið kominn upp rúmum fimm mánuðum áður en vátryggingin tók gildi. Félagið vísar og til þess að skilyrði er að vátryggður njóti aðstoðar lögmanns við málarekturinn sbr. 4. gr. skilmála. Þessa skilyrðis hafi ekki verið gætt. Ennfremur vísar félagið til greinar 3.9 skilmála þess efnis að vátryggingin taki ekki til innheimtumáls gegn vátryggðum þar sem krafa er óumdeild.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta ítarlega. Hann telur m.a. að ágreiningur sá sem er grundvöllur málshöfðunar hafi ekki orðið fyrr en þegar honum hafi verið stefnt til greiðslu eftirstöðva kaupverðs viðkomandi fasteignar sem hann hafði haldið eftir vegna galla. M telur að miða skuli við þingfestingu þann 12. apríl 2006 en þá hafði vátryggingin tekið gildi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Samkvæmt 7. gr. skilmála þarf vátryggingin að hafa verið í gildi í að minnsta kosti tvö ár samliggjandi þegar ágreiningur aðila kom upp. Sá ágreiningur sem hér um ræðir kom upp áður en vátryggingin tók gildi. Í því tilviki sem hér er til umræðu verður að skýra skilmála á þann veg að ágreiningur hafi stofnast þegar vátryggðum voru ljósar ástæður ágreiningsins, í þessu tilviki þegar honum varð ljós meistur galli á fasteigninni og hann hélt eftir greiðslu.

Vátrygging sem vátryggður mun hafa haft hjá öðru vátryggingafélagi vegna annarrar fasteignar breytir ekki framanrituðu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. júlí 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.